

## **Fundargerð.**

### ***Stjórnarfundur nr. 88.***

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í Stekkjarvík 28. febrúar árið 2018, kl 15:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Jón Sigurðsson og Eiríkur H. Hauksson áheyrnarfulltrúi. Einnig sat Gunnar Svavarsson frá Verkfræðistofunni Eflu fundinn og Fannar Viggósson starfsmaður Norðurá.

#### **Dagskrá**

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Staða og horfur í rekstri.
3. Gassöfnun og eyðing eða notkun.
4. Nýr vélbúnaður fyrir urðunarstaðinn.
5. Önnur mál.

#### **1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og undirrituð.

#### **2. Staða og horfur í rekstri.**

Lagt fram rekstraryfirlit frá 01.01.17 til 31.12.17. Farið var yfir yfirlitið en verið er að vinna ársreikning og endanlegt uppgjör. Stefnt er á að halda Aðalfund félagsins í apríl og kynna þá eigendum rekstarniðursöðu ársins 2017.

Fannar lagði fram samantekt um starfsemina á árinu 2017. Þar kemur meðal annars fram að í heildina voru urðuð 20.523.442 tonn árið 2017 á móti 20.241.126 árið 2016. Mest aukning er í urðun á blönduðum úrgangi frá heimilum en einnig er aukning í urðun á timburúrgangi. Dýrahrae og sláturúrgangur dragast saman. Stærstur hluti úrgangsins í heild eða 49% koma af Eyjafjarðarsvæðinu og vex magnið þaðan um tæp 900 tonn. Úr Skagafirði koma um 21% af heildarmagninu eða 4.324 tonn sem er aðeins minnkun frá árinu á undan. Í skýrslunni má einnig sjá ýmsar upplýsingar um framkvæmdir ársins 2017 ásamt yfirliti um vindmælingar á opnunardögum á árinu en fari vindur yfir 12 m/sek er ekki hægt að urða og staðurinn þá lokaður þá daga sem voru 25 talsins árið 2017.

#### **3. Gassöfnun og eyðing eða notkun.**

Gunnar Svavarsson lagði fram minnisblað um stöðuna, en búið er að bora 6 gassöfnunarholur í fyrsta hluta urðunarhólfsins sem nú er búið að loka og ganga að mestu frá. Þrjár af holunum eru að gefa gas en hinar þrjár sem liggja næst nýja urðunarhólfinu gefa lítið gas sem gæti skýrst af nálægð þeirra við núverandi urðunarhólf. Rætt um mögulegar leiðir til að eyða gasinu en eyðing þess er skylda. Skoðaðar hafa verið nokkrar leiðir og er niðurstaðan sú að skynsamlegast sé að eyða gasinu með brennslu.

Verði gasstreymið stöðugt fyrstu 6 mánuðina sem brennsla er í gangi verður skoðað hvort hagkvæmt sé að nota hluta þess til raforkuframleiðslu sem gæti þá nýst til að knýja gasdæurnar í holunum og kannski eitthvað meir.

Gunnar lagði fram drög að kostnaðaráætlun um kaup á brennsluofni og uppsetningu samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru til slíks búnaðar. Fullbúin áætlun mun liggja fyrir innan tíðar en heildarkostnaður gæti orðið á bilinu 30 - 35 milljónir. Gunnari falið að vinna málið áfram og panta þann búnað sem þarf.

Gunnar fór einnig yfir nýjustu efnagreiningar á sigvatni frá svæðinu en örlítið af olíutengdum efnum er að mælast í vatninu sem er breyting frá því sem verið hefur. Niðurstaðan er að skynsamlegasta lausnin á eyðingu sigvatnsins sé brennsla með gasinu og síðan að taka það sem umfram veður (ca. 50%), og setja aftur niður í hauginn þar sem það myndi þá eyðast endanlega. Þetta þýðir að koma þarf upp dælinga- og brennslukerfi. Ákveðið að klára vinnu við eyðingu á gasinu áður en frekari skref í eyðingu sigvatns verða tekin og að umræddur gasbrennslubúnaður taki mið af hugsanlegri brennslu sigvants þegar þar að kemur.

#### 4. Nýr vélbúnaður fyrir urðunarstaðinn.

Kominn er á svæðið nýr Bomag BC 772 RS-4 sorptroðari. Á næstu dögum verður hann tekinn í formlega notkun en maður frá Bomag er að yfirfara vélina og stilla fyrir notkun. Heildarkostnaður er eins og áætlað var tæpar 52 milljónir.

#### 5. Önnur mál

Rætt um þýðingu reglugerðar nr 737/2003 um meðhöndlun úrgangs fyrir urðunarstaðinn. Samþykkt að fá Gunnar til að taka saman hvaða þýðingu reglugerðin hefur á hugsanlegar takmarkanir á urðun úrgangs á komandi árum.

Fundi slitið kl. 18:00

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Jón Sigurðsson

Eiríkur H. Hauksson

Fannar Viggósson